

## ***BORGARRÁÐ 10. október 2019: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um leiðir til að draga úr matarsóun í grunnskólum - R19100242***

Flokkur fólksins leggur til að skóla- og frístundarráð setjist niður með skólastjórnendum og matráðum skóla í því skyni að finna leiðir til að draga úr matarsóun. Í ljós hefur komið í rannsóknum að mun meiri matarsóun er í íslenskum grunnskólum en í nágrannalöndunum. Ný rannsókn á vinsælustu og óvinsælustu fæðutegundum skólabarna í Svíþjóð, Finnlandi, Íslandi og Noregi var kynnt á Menntakviku Háskóla Íslands í síðustu viku. Þá var matarsóun sérstaklega skoðuð en þar á Ísland langt í land. Daglega eru yfirfullir stampar af mat í skólunum sem börnin hafa fleygt.

Þá er matur barnanna einsleitari hér. Samt vill meirihlutinn draga úr dýraafurðum. Það eru ekki ný tíðindi að börn vilja ekki mikið af grófmæti sem dæmi. Sé börnum skammtað mikið af mat sem þau vilja ekki fer hann í ruslið. Flokkur fólksins lagði fram tillögu í borgarstjórn 2018 að borgin myndi beita sér m.a. fjárhagslega fyrir því að allir skóla í Reykjavík yrðu grænánaskólar og hvernig stemma megi stigu við matarsóun. Mikilvægt er að börn skammti sér sjálf og vikti og skrái síðan það sem þau leifa. Það dregur úr matarsóun eins og rannsóknir hafa sýnt. Einnig þarf maturinn að vera fjölbreyttur.

### **Greinargerð:**

Fleiri þættir sem skoða þarf til að sporna við matarsóun er að skilgreina þjónustumarkmið mótuneyta með það fyrir augum að auka gæðin. Það rekstrarform sem kemur best út fyrir alla aðila hlýtur að vera það heppilegasta fyrir öll mótuneyti borgarinnar og mætti innleiða alls staðar ef því er að skipta. Það er mikilvægt að borgin leiti allra leiða til að hagræða í rekstri mótuneyta og auka gæði á sama tíma. Sterkar vísbendingar eru um að það að bjóða þessi verkefni út sé hagstæðara en það fyrirkomulag sem nú ríkir víðast í mótuneytum í Reykjavík. Ef borgin vill auka hagkvæmni í rekstri mótuneyta þarf að skoða matarsóun og hafa skýra stefnu til að sporna við henni. Matarsóun kostar og nú er það staðfest að miklum mat er hent í skólum borgarinnar.

Eitt af markmiðum skóla á grænni grein er að fræða börnin um matarsóun og mikilvægi þess að hætta notkun einnota plasts s.s. plastpoka. Að vera skóli á grænni grein gefur börnunum tækifæri til að taka þátt í fjölbreyttum verkefnum sem vekur þau til vitundar um umhverfið og hvernig þau geta hlúð að því. Verkefni hjálpa börnunum að skynja mikilvægi þess að sporna gegn matarsóun í nærumhverfinu og setja sér skýr markmið í umhverfismálum. Mikilvægt er að gera eitthvað sem er áþreifanlegt og sem börnin geta fundið strax áhrifin af. Dæmi eru um verkefni er að skólar kanni matarsóun í mótuneyti skóla sinna t.d. með því að nemendur vigti mat sem er hent í. Slík verkefni verður að vera í öllum skólum. Niðurstöður má nota til að reikna út hversu miklum mat er hent á heilu skólaári. Með því að fá upplýsingar hjá matráði hvað einn matarskammtur kostar er hægt að reikna út hve miklum verðmætum er hent á einu skólaári.

Börn hafa almennt séð afar gaman að verkefnum af þessu tagi þar sem þau sjá mælanlegan ávinning af því sem þau gera. Að gefa öllum börnum í Reykjavík tækifæri til að vinna í umhverfismálum í ríkari mæli en nú er er skylda okkar og ábyrgð. Þessi mál varða framtíðina og framtíðin er barnanna. Ef börn fá tækifæri til að snerta sjálf á málum, koma með tillögur og leiðir er líklegt að þau muni beita sér enn frekar fyrir málstaðinn. Þátttaka í verkefni um matarsóun er hvetjandi á marga vegu. Barnið finnur að hér er verk að vinna, það er að taka þátt í keppni um að lágmarka matarsóun. Barni sem þykir maturinn góður, fær að skammta sér sjálf, fær nægan tíma og næði til að borða er líklegt til að klára af disknum sínum.